

# Hvað er að gerast í borgarstjórn?

MEIRI HLUTI BORGARSTJÓRNAR ETLAR AÐ VERJA:

- 10 milljónum kr. í gervigras í Laugardal og 29 milljónum á næstu 2 árum.
- 6 milljónum í bílageymslu í Pósthússtræti fyrir 13 bíla - 460 þús. á bíl.

KVENNAFRAMBOÐIÐ VILDI NOTA ÞESSA PENINGA Í BYGGINGU DAGVISTARHEIMILA.

Hvort finnst þér réttlátara?

MEIRI HLUTINN ETLAR AÐ VERJA:

- 2,5 milljónum í smábátahöfn.
- 11 milljónum í fjórfaldar akreinar á Sudurlandsbraut.
- 7 milljónum í áttundu skíðalyftuna í Bláfjöllum.

KVENNAFRAMBOÐIÐ VILDI LÁTA ÞETTA BÍÐA OG NOTA PENINGANA Í BYGGINGU LEIGU-  
HÚSNÆÐIS OG HVERFAMÍÐSTÖÐVA:

Hvort er brýnna?

MEIRI HLUTINN HÆKKAR FARGJÖLD STRÉTÓ UM 50%.

KVENNAFRAMBOÐIÐ vildi spara risnu borgarinnar sem er 6 milljónir og draga úr bílastyrkjum borgarinnar, en þeir eru 16 milljónir.

KVENNAFRAMBOÐIÐ vildi nota peningana sem sparast í rekstur strætó. Góðar almenningssamgöngur eru nauðsyn.

KVENNAFRAMBOÐIÐ VILDI EKKI:

- að stóreignamenn fengju 2000 kr. afslátt af fasteignagjöldum, en eigendur 2ja herbergja íbúða aðeins 500 kr. og þeir sem enga íbúð eiga - EKKERT.

Þeir sem borga mest af hákkun strætó eru konur, gamalt fólk, börn og unglingar.

- þetta eru hóparnir sem standa undir niðurgreiðslum fasteignagjaldanna.
- Sá sem á enga íbúð en notar strætó 2 á dag þarf að borga 3000 kr. meira á ári vegna hákkunarinnar. Sá sem á 2ja herbergja íbúð og notar strætó borgar 2500 kr. meira á ári með sömu notkun.

FINNST ÞÉR ÞETTA RÉTTLATT?

